

STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU 2022-2023



Menntasvið Kópavogs



Efnisyfirlit


Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Stuðningur við skóla- og frístundastarf	4
Verkefni sem tengjast frístundastarfi:	4
Vertu með - verkefnið.....	4
Velkomin- Verkefnið (sértækt hópastarf) í Kjarnanum.....	4
Verkefni sem tengjast grunnskóla	5
Lærdómssamfélag ÍSAT kennara.....	6
Móttökuáætlanir.....	6
Stöðumat.....	6
Endurmenntun ÍSAT kennara.....	7
Milli mála próf	8
Nýjar úthlutunarreglur v. nemenda með annað móðurmál en íslensku.	13

Inngangur

Nemendum með erlendan bakgrunn hefur fjölgað jafnt og þétt í grunnskólum Kópavogs síðustu ár. Skólaárið 2022 – 2023 voru 564 nemendur með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum bæjarins.


Samkvæmt súluritinu hér fyrir neðan, sem fengið er frá Hagstofu Íslands, sést vel hversu mikil aukning er á innflytjendum til Íslands. Árið 2012 eru um 1.400 nemendur í skólum landsins innflytjendur á Íslandi meðan í lok árs 2022 eru nemendur sem eru innflytjendur orðnir tæp 3.000.

Hlutfall nemenda með erlendan bakgrunn 2012-2022



Um leið er einnig athyglisvert að skoða hversu mikið nemendum af annarri kynslóð innflytjenda hefur fjölgað eins og sést bæði á súluritinu hér fyrir ofan og súluriti hér fyrir neðan. En árið 2012 voru 776 nemendur af annarri kynslóð innflytjenda meðan að núna í lok árs 2022 eru nemendur af annarri kynslóð innflytjenda orðnir 2.926. Það er börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna en eru fædd hér á Íslandi. Þessi fjölgun nemenda með annað móðurmál en íslensku hér á landi hefur einnig áhrif á skólastarf grunnskóla í Kópavogi þó að vissulega sé skipting erlendra nemenda mismunandi milli skóla og bæjarfélaga.


Samanburður sl. 10 ár 2012 vs. 2022



Vitað er að fjölbreytilegir nemendahópar geta verið áskorun fyrir kennara sem þurfa að leita leiða til að koma sem best til móts við alla nemendur. Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku í íslensku samfélagi og því hefur starfsfólk grunnskóladeildar lagt sig fram um að styðja við kennara í þessu verkefni. Í þessari samantekt er fjallað stuttlega um leiðir grunnskóladeildar til að styðja við kennara sem kenna nemendum sem hafa erlendan bakgrunn og eru með annað móðurmál en íslensku.

Fjöldi nemenda af erlendum uppruna í Grunnskólum Kópavogs 2022-2023

Skólaárið 2022-2023 voru **561** nemandi með annað móðurmál en íslensku.



Hér fyrir ofan er súlurit yfir skiptingu ÍSAT nemenda milli skóla og hve mörg þeirra hafa dvalið skemur en 4 ár á Íslandi.

Stuðningur við skóla- og frístundastarf

Á menntasviði starfar kennsluráðgjafi í einu stöðugildi í málefnum barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku. Hlutverk kennsluráðgjafa er að vera ráðgefandi í málaflokknum í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.

Kennsluráðgjafi ásamt verkefnastjóra á grunnskóladeild sér um vefsíðu sem ber heitið Fjölmennning og íslenska sem annað mál. Vefsíðan, sem sett var upp árið 2019, hefur að geyma ríkulegan námsgagnabanka fyrir leik- og grunnskólakennara. Einnig er þar að finna móttökuhandbækur sem og gátlista vegna móttöku barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku í frístundir og íþróttir.

Þá heldur verkefnastjóri grunnskóladeildar úti Facebook-síðunni Fjölmennning og íslenska sem annað mál í Kópavogi þar sem notendur geta spurt spurninga, bent er á fróðlegar vefslóðir, fræðigreinar og ýmislegt efni sem gagnast vel við kennslu ÍSAT-nemenda.

Menntasvið Kópavogs gerði samning við alþjóðlega fyrirtækið Language Line á haustönn 2022, þar sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi geta hringt eftir túlkun í gegnum síma á ótal mörgum tungumálum. Þessi möguleiki eykur bæði öryggi starfsfólks og nemenda þar sem hægt er að nálgast túlkun innan 5 mínútna ef þörf krefur. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með innleiðingu Language Line.

Verkefni sem tengjast frístundastarfi

Kennsluráðgjafi veitir forstöðumönnum frístunda og félagsmiðstöðva ráðgjöf í málefnum barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku. Hann sér um að gátlistar vegna móttöku þeirra séu aðgengilegir og uppfærðir reglulega. Jafnframt að eiga samtál við forstöðumenn t.d. um mikilvægi móttöku nemenda af erlendum uppruna inn í frístundastarf.

Vertu með - verkefnið

Markmið verkefnisins „Vertu með“ er að fá nemendur af erlendum uppruna til að nýta betur frístundastyrk og verða virkari þátttakendur í frístundastarfi. Deildarstjóri frístundadeildar og kennsluráðgjafi kortlögðu notkun á frístundastyrk í skólahverfum bæjarins. Niðurstaða þeirrar vinnu leiddi í ljós að nemendur í Kópavogsskóla nýttu frístundastyrkinn minnst. Stofnað var teymi innan skólans sem í voru forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans, íþróttakennarar skólans og ÍSAT kennarar skólans, kennsluráðgjafi fyrir ÍSAT nemendur og verkefnastjóri frístundadeildar. Teymið vann að því að leita leiða til að fá fleiri börn og ungumenni með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Jafnframt skoðaði teymið hvernig best væri að kynna fyrir frístundastyrk, notkun hans og íþrótt- og frístundaumhverfi Kópavogsbæjar fyrir erlendum foreldrum. Kynningar fyrir börnin voru unnar í samstarfi við Íþróttafélög bæjarins; Breiðablik, Tennishöllina, HK, og Gerplu. Einnig var boðað til íþróttadags en þá fóru börnin í heimsókn í Breiðablik þar sem þjálfarar þriggja deilda tóku á móti nemendum og gáfu þeim tækifæri að sjá hvernig körfuboltaæfingar, frjálsíþróttæfingar og fótboltaæfingar færu fram. Nemendur af erlendum uppruna í Kópavogsskóla voru afskaplega þakklát og ánægð með fyrirkomulag íþróttadagsins að sögn kennara skólans. Kennsluráðgjafi hélt jafnframt fræðslufund fyrir foreldra af erlendum uppruna um mikilvægi frístundastarfs og notkun frístundastyrks. Teymið mun fylgjast með notkun frístundastyrksins í skólanum og sjá um eftirfylgni með verkefninu. Á næsta ári verður skipað teymi í þeim skóla sem notkun frístundastyrks er slök skv. kortlagningu teymis.

Velkomin- Verkefnið (sértækt hópastarf) í Kjarnanum

Velkomin verkefnið, samstarf frístunda- og grunnskóladeildar, var í boði í sjötta skiptið sumarið 2023. Námskeiðsvikurnar voru fjórar, í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs, þ.e. 12.–16. júní, 19.–23. júní, 26.–30. júní og 3. – 7. júlí.

Heildarfjöldi þátttakenda sumarið 2023 voru 89 börn, unglingar og ungmenni. Auk ungmenna frá vinnuskóla Kópavogs sem voru 17 því alls 106 þátttakendur.

- Heildarfjöldi miðstigsbarna var 51
- Heildarfjöldi unglinga var 38

Auki þess störfuðu 8 starfsmenn, 1 forstöðumaður og 7 frístundaleiðbeinendur við námskeiðið í fullu starfi eða hlutastarfi. Frá Vinnuskóla Kópavogs komu 17 starfsmenn að námskeiðunum á aldrinum 16 – 18 ára. Hluti þessa hóps hefur íslensku að móðurmáli og hluti með annað móðurmál en íslensku (og talar íslensku sem sitt annað eða þriðja tungumál). Einn starfsmannanna talaði ekki íslensku í byrjun námskeiðs en samstarfshópurinn tók sig saman um að hjálpa viðkomandi af stað í þeirri vegferð að læra tungumálið.

Meginmarkmiðið með **Velkomin** verkefninu er að virkja og valdefla börn, unglinga og ungmenni sem tala ekki íslensku sem sitt móðurmál og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla-, íþrótt, afþreyingar- og frístundastarf. Um leið að aðlaga hóp unglinga og ungmenna sem tala íslensku sem sitt móðurmál að fjölmenningu á Íslandi. Námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðarlausu og flestir þeirra sóttu námskeiðið allar fjórar vikurnar. Talsverð aukning á þátttöku hefur verið á milli ára eða úr 42 þátttakendum árið 2021 í 68 þátttakendum árið 2022 og nú árið 2023 var heildarfjöldi þátttakenda 106. Þjóðernin á námskeiðunum í ár voru í kringum 20 og tungumálin 25.

Dagskrá miðstigsbarna sumarið 2023:

Fyrstu dagarnir voru hugsaðir til að kynnast og aðlagast starfsfólki, öðrum þátttakendum og aðstöðunni. Þar sem talsvert var af þátttakendum sem voru ný flutt til landsins var sérstaklega tekið á móti þeim foreldrum með fræðslu og upplýsingum. Í lok viku 1 og viku 2 var farið út í nærumhverfið, t.a.m. á ærslabelginn við Hamraborg, í frísbí-golf í Fossvogsdalinn o.fl. Í viku 3 og 4 var meira farið í ferðir, eins og t.d. í Húsdýragarðinn, siglingaklúbbinn og menningarhúsin. Á fimmtudeginum í lokavíkunni var foreldradagur. Snæddar voru pizzur með foreldrum og systkinum þátttakendanna, eftir matinn fóru þátttakendurnir í happa-keilu í Egilshöllinni. Þegar komið var til baka í félagsmiðstöðina Kjarnann var myndasýning frá sumrinu og kveðjustund í kjölfarið.

Dagskrá unglingastig sumarið 2023:

Dagskrá hjá unglingunum var í takt við dagskrána undanfarin sumur, að flestu leyti. Unglingarnir fóru víða og reyndu fjölmargt. Eitt nýtt íþróttafélag var heimsótt og nýir afþreyingarmöguleikar kynntir. Þá voru félagsmiðstöðvar bæjarins heimsóttar á sumaropnanátíma þeirra og náðist þannig að virkja hluta af Velkomin hópnum til að taka þátt í seinniparts- og kvöldopnanir félagsmiðstöðvanna. Síðasta daginn var farið í rútuferð um Suðurlandið, farið á draugasafnið, á kajak á Stokkseyri og nokkrir selir heimsóttir við Strandakirkju. Á heimleiðinni var Kleifarvatn skoðað. Þegar komið var til baka í Kjarnann var myndasýning frá sumrinu og kveðjustund.

Verkefni sem tengjast grunnskóla

Kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og kennara er varðar nemendur með annað móðurmál en íslensku. Hann heldur utan um lærdómssamfélag ísat-kennara í skólunum, innleiðingu á *Stöðumat*, fylgir eftir *Milli mála prófi* og tekur saman niðurstöður þess. Jafnframt því að setja inn efni og uppfæra vefsíðu um fjölmenningu. Þá kemur kennsluráðgjafi að ráðgjöf fyrir skóla vegna nemenda með annað móðurmál þegar um flókin samskiptamál milli skóla og foreldra af erlendum uppruna er að ræða.

Lærdómssamfélag ÍSAT kennara

Kennsluráðgjafi grunnskóladeildar hefur ásamt verkefnastjóra staðið fyrir samráðsfundum meðal kennara sem kenna í ÍSAT-námsverum allra grunnskólanna í Kópavogi. Þar er tækifæri til að skiptast á skoðunum, skoða verkefni sem nýtast þessum nemendahópi og deila verkefnum og hugmyndum sem nýtast vel í kennslunni.

Hist hefur verið á sex vikna fresti í vetur þar sem ÍSAT kennarar í hverjum skóla hafa skipst á að taka á móti öðrum ÍSAT kennurum þar sem þeir hafa kynnt fyrirkomulagið og kennslu í sínum skóla fyrir ísat-nemendur til að þeir geti lært hver af öðrum fengið hugmyndir og spurt spurninga.

Kennsluráðgjafi hefur á þessum fundum komið með ábendingar og ráðgjöf og haldið utan um fundina. Einstaklingsmiðaðar þarfir og styrkleikar nemenda eru þá hafðir að leiðarljósi og meðal annars minnt á þá fjölmörgu möguleika spjaldtölvunnar til að styðja við nám nemenda og rafræn tengsl skóla við heimili.

Móttökuáætlanir

Mikilvægt er að móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku sé lík á milli skóla í Kópavogi og feli í sér fagmennsku. Til staðar eru hagnýtar móttökuáætlanir fyrir börn og nemendum sem eru að hefja nám í leik- og grunnskóla, auk sem settir hafa verið upp gátlistar fyrir móttöku í frístundum, félagsmiðstöðvum og íþróttum. Upphaflega var tekin saman ein móttökuáætlun sem átti að nýtast öllu skólasamfélaginu, þ.e. leikskóla, grunnskóla, frístundum, félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum. Síðar kom í ljós að heppilegra var að útbúa plagg sem hentaði hverri starfsemi fyrir sig var því unnin sérstök móttökuáætlun fyrir leikskóla annars vegar og grunnskóla hins vegar. Jafnframt var ákveðið að útbúa styttri og hagnýta gátlista fyrir móttöku í frístunda- og félagsmiðstöðvastarf sem og fyrir íþróttafélögin. Rétt er að taka fram að móttökuáætlanir eru endurskoðaðar reglulega. Þær eru gefnar út rafrænt og auglýstar til hlutaðeigandi hagaðila og dagsetning neðanmáls gefur til kynna útgáfudag.

Stöðumat

Stöðumat fyrir nýkomna erlenda nemendur var gefið út af Menntamálastofnun árið 2020. Efnið er sænskt að uppruna og var þýtt á íslensku og að vissu marki aðlagð að íslensum aðstæðum. Markmiðið með Stöðumati er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda með annað móðurmál en íslensku þannig að skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans. Innleiðing á stöðumati hófst með námskeiði fyrir alla ÍSAT kennara í ágúst 2022 undir leiðsögn frá stýrihópi stöðumats. Annað námskeið um stöðumat verður haldið nú í byrjun skólaárs til að koma til móts við bæði nýja kennara og þá sem vilja rifja upp.

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, kafla 19.3 kemur fram að leitast skal við að kanna námslega stöðu þessara nemenda eins fljótt og hægt er eftir að þeir hefja nám í skóla.

Kanna skal námslega stöðu nemenda meðal annars á sterkasta tungumáli hans. Námsáætlun nemandans byggir á því mati að höfðu samráði við foreldra. Nemendur sem hafa náð færni í móðurmáli og öðrum tungumálum skulu hvattir og þeim gefin tækifæri til að tengja málin við íslensku og byggja á hæfni sem þeir hafa öðlast í gegnum önnur tungumál, bæði færni og þekkingu.

Stöðumatið skiptist í:

- Stig 1. Tungumál nemandans og reynslu hans
- Stig 2. Þekkingu nemandans í læsi og talnaskilningi
- Stig 3. Þekkingu nemandans í öðrum námsgreinum

Flestir þeir kennarar sem kenna ÍSAT nemendum tóku þátt í námskeiðinu og byrjuðu á að leggja fyrir stöðumatið. Veturinn 2023-2024 verður nýttur til að festa þetta mat í sessi og markmiðið er að allir nýir nemendur 2023-2024 taki stöðumat.

Endurmenntun ÍSAT kennara

Kennarar sem kenna nemendum íslensku sem annað mál þurfa að eiga möguleika á endurmenntun í sínu fagi. Hlutverk kennsluráðgjafa er að benda þeim á slíka möguleika og einnig að sjá til þess að Menntasvið Kópavogsbæjar bjóði upp á endurmenntunarnámskeið sniðin fyrir ÍSAT kennara.

Möguleikar til endurmenntunar eru talsverðir t.d. hefur Menntavísindasvið HÍ setti á laggirnar **Menntafléttuna** – ólík námskeið sem henta fagfólki í leik- og grunnskólum sem og frístundastarfi meðfram vinnu. Þar er markmiðið að bjóða upp á rafræn endurmenntunarnámskeið þar sem þátttakendur geta stundað nám á þeim tímum sem þeim hentar og þeim að kostnaðarlausu.

Þá fékk kennsluráðgjafi Andreu Kasper hjá North Consulting sem er með mikla reynslu í kennslu nemenda sem annað móðurmál en ensku í Bandaríkjunum til að kynna okkur fyrir ákveðinni kennsluaðferð í að kenna nýtt tungumál sem heitir „The proficiency approach.“ ÍSAT kennarar fengu þarna tækifæri á að sitja sex klst. námskeið eða 2x3 klst. Þeir kennarar sem sátu námskeiðið létu mjög vel af því og voru þakklátir fyrir að fá upplýsingar um nýja nálgun á tungumálakennslu og sumir hverjir ætluðu að prófa aðferðina hjá sínum nemendum.

Hlutverk kennsluráðgjafa hefur verið meðal annars að benda á tækifæri í kennslu ÍSAT nemenda t.d. með nýtingu spjaldtölva í skólastarfi eins og nýtingu á hljóðupptökum fyrir upp lesin fyrirmæli, hlustun á fyrirmæli og íslenskt efni við hæfi hvers og eins. Markmiðið er að efla ÍSAT kennara enn betur í nýtingu upplýsingatækni í kennslu ÍSAT nemenda.

Menntasvið Kópavogsbæjar heldur fjölbreytt námskeið í upphafi skólaárs fyrir grunnskólakennara og þann 14. ágúst var þar í boði fyrir alla grunnskólakennara námskeiðið **Inngilding í kennslustofunni**.

Nú hafa verið auglýst námskeið vetrarins fyrir árið 2023-2024. Þar verða í boði nokkur námskeið sem henta vel kennurum sem eru að kenna í fjölbreyttum nemendahópi. Bent er sérstaklega á námskeiðið **Tungumála- og menningarmiðaðir starfshættir í fjölbreyttum bekkjum**.

Markmið námskeiðsins er að styðja við þátttakendur, þeirra námssamfélög og teymi varðandi starfs- og kennsluhætti í fjöltyngdum bekkjum.

Kennslan fer fram í sex lotum á ZOOM, sem eru þrjár klukkustundir að lengd, skólaárið 2023–2024.

Milli mála próf

Hlutverk kennsluráðgjafa hefur verið að halda utan um að grunnskólar Kópavogs leggi fyrir „Milli mála“ prófið sem er staðlað próf sem samið var af dr. Elínu Þóll Þórðardóttur talmeinafræðingi í þeim tilgangi að meta hvort börn og unglingar sem hafa annað móðurmál en íslensku hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í sínum árgangi.

Til hóps barna með íslensku sem annað mál teljast:

- Börn sem hafa fæðst erlendis.
- Börn sem eiga annað foreldri eða báða foreldra af erlendum uppruna.
- Börn sem eiga íslenska foreldra en hafa búið 5 ár eða lengur erlendis og snúa aftur.


Prófið er lagt munnlega fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa dvalið 2 ár eða lengur á Íslandi og tekur hver fyrirlögn um 40 – 60 mínútur. Fjögur undirpróf eru á prófinu:

- Orðaforði – málskilningur
- Tjáning – orð
- Skilgreiningar á orðum, orðatiltækjum og málsháttum
- Málfræðimat

Þegar próftöku er lokið eru stigin úr hverju undirprófi talin og lögð saman í heildarstigafjölda. Stigin flokkast í þrjá litaflokka; rauðan, gulan og grænan. Miðað er við ákveðinn stigafjölda fyrir hvern árgang.

1. Í **rauðan** flokkast þau börn með sem eru með slakan orðaforða í íslensku og lakari en nauðsynlegt er til að skilja það sem fram fer í skólanum og til þess að vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir þau.
2. Í **gulan** flokkast þau sem þurfa hjálp, en standa þó ágætlega að mörgu leyti.
3. Í **grænan** flokkast þau börn sem eiga möguleika á að ná árangri jafnt og aðrir nemendur.


Skólaárið 2019 – 2020 var *Milli mála* prófið lagt fyrir alla erlenda nemendur með íslensku sem annað mál í grunnskólum Kópavogs. Þá fengust niðurstöður frá 503 nemendum í öllum árgöngum. Í framhaldi var tekin ákvörðun um að leggja prófið aðeins fyrir nemendur í 1. bekk skólaárið 2020 – 2021 og frá og með skólaárinu 2021 í 1., 4., 7. og 9. bekk til að fylgjast með framvindu námsárangurs þessara barna í íslensku. Þar sem aðeins er til eitt eintak af prófinu sem lagt er fyrir aftur og aftur þá er ekki hægt að nota það árlega. Það er einnig tímafrekt að leggja prófin fyrir þar sem þau eru lögð fyrir munnlega, maður á mann og fyrirlögnin getur tekið allt að klukkustund.



Skólaárið 2022-2023 var *Milli mála* prófið lagt fyrir 257 nemendur í 1., 4., 7. og 9 bekk í öllum grunnskólum Kópavogs. Fjöldi þeirra sem tóku prófið í hverjum árgangi og skóla má sjá í eftirfarandi töflu og súluriti..

Skóli	9. bekkur	7. bekkur	4. bekkur	1. bekkur	Samtals
Álfhólsskóli	12	19	17	10	58
Hörðuvallaskóli	7	7	5	7	26
Kársnesskóli	6	14	9	10	39
Kópavogsskóli	7	10	6	3	26
Lindaskóli	2	2	1	5	10
Salaskóli	3	5	1	6	15
Smáraskóli	8	11	10	9	38
Snælandsskóli	4	8	14	7	33
Vatnsendaskóli	3	2	4	3	12
Samtals	52	78	67	60	257

Niðurstöður Milli mála prófsins 2022-2023 sýna okkur að langflestir nemendur eru á rauðum skala sem þýðir að það þarf að leggja meiri áherslu á íslenskukennslu fyrir þennan hóp. Nemendur sem koma út á rauðum skala, geta mögulega verið ágætlega talandi á íslensku en vantar sérhæfðari og dýpri námsorðaforða til að geta tileinkað sér það sem fram fer í íslenskum kennslustundum og því þurfa allir kennarar í öllum námsgreinum að kenna námsorðaforða sinnar námsgreinar.



Ef bornar eru saman niðurstöður á milli ára, þá sést að hlutfallslega virðast um 65% nemenda af erlendum uppruna koma út á rauðu. Að meðaltali árið 2021-2022 voru um 66% nemenda rauðir á meðan að 64% nemenda voru rauðir 2022-2023.


Í raun er mjög erfitt að gera samanburð milli ára þar sem að ekki er um sömu börn að ræða. Einungis er hægt að gera raunhæfan samanburð á frammistöðu hvers árgangs á þriggja ára fresti en eins og gefur að skilja geta verið um mismunandi börn að ræða því alltaf eitthvert hlutfall nemenda breyta um búsetu og flytjast á milli skólahverfa.

Mikilvægt er hins vegar er að skoða niðurstöður úr *Milli mála prófi* á hverju ári til að fylgjast með hvort að bættir kennsluhættir og aukin vitund kennara um mikilvægi þeirra í íslenskukennslu nemenda í námi hefur áhrif á hversu hlutfallslega mörg börn að meðaltali í hverjum skóla eru að mælast rauð. Sjá súlurit hér fyrir neðan og samantektartöflu,


Hlutfalla nemenda með annað móðurmál en íslensku og tóku prófið á rauðum skala:

Skólar	2021-2022	2022-2023
Álfhólsskóli	80%	58%
Hörðuvallaskóli	85%	70%
Kársnesskóli	40%	54%
Kópavogsskóli	50%	62%
Lindaskóli	44%	60%
Salaskóli	58%	66%
Smáraskóli	73%	60%
Snælandsskóli	73%	66%
Vatnsendaskóli	88%	84%
	66%	64%

Samantekt á Milli mála prófi 2021-2022, allir skólar %:




Samantekt niðurstaðna á Milli mála prófi 2022-2023 - allir skólar %






Það er mikið áhyggjuefni hversu stórt hlutfall barna af erlendum uppruna sem eru fædd hér á landi koma út rauð á *Milli mála prófinu*. Eftirfarandi súlurit sýnir okkur hversu margir nemendur í hverjum skóla eru með rauða útkomu á prófinu og síðan hve margir af þeim eru fæddir hér á landi. Ef lesið er um niðurstöður í t.d. Álfhólsskóla á þessu súluriti þá eru 34 nemendur í Álfhólsskóla sem koma út rauðir á Milli mála prófi 2023, en af þessum 34 nemendum eru 20 nemendur sem eru fæddir hér á landi. Að sama skapi eru 21 nemandi sem eru gulir og af þeim eru 16 nemendur fæddir hér á landi og síðan eru 3 nemendur grænir og af þeim eru tveir nemendur fæddi hér á landi. Samsvarandi er að lesa út fyrir aðra skóla.

Milli mála próf 2022-2023

Fjöldi nemenda alls sem taka prófið og af þeim fjöldi nemenda sem taka próf og eru fædd hér á landi.



Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir árgöngum þá sést að eftir því sem nemendur eru eldri því slakari eru þeir í *Milli mála* prófinu. Hlutfallslega fleiri nemendur koma út rauðir í 7. og 9. bekk í samanburði við 1. og 4. bekk. Sjá súluritinn hér fyrir neðan. Niðurstöður *Milli mála* prófsins sýna okkur að langflestir nemendur koma út á rauðum skala sem þýðir að það þarf að leggja meiri áherslu á íslenskukennslu fyrir þennan hóp. Með því að rýna niðurstöður *Milli mála* og kynna fyrir öllum kennurum skólans, hafa stjórnendur tækifæri og gögn til að gera öllum kennurum grein fyrir mikilvægi þess að taka sameiginlega ábyrgð á íslenskukennslu allra nemenda.



Ef litið er á niðurstöður eftir kyni þá er ljóst að stúlkum virðist ganga hlutfallslega örlítið betur að tileinka sér íslensku í samanburði við drengi.

Nýjar úthlutunarreglur v. nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Í lok árs 2021 var gefinn út endurskoðaður kafli í Aðalnámskrá grunnskóla um íslensku sem annað mál, kafli 19.3. Jafnframt var bætt við undirköflum við kafla 7 um *Nám og kennslu*, kafli 7.12 um menningarlæsi, kafli 7.13 um móttöku nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og kafli 7.14 þar sem fjallað er um fjöltyngi.

Í kafla 19.3. er í fyrsta sinn sett fram að nemendur með annað móðurmál en íslensku skulu metnir fyrstu tvö til fjögur ár eftir komu til landsins samkvæmt hæfniviðmiðum *Íslensku sem annars máls*. Jafnframt er settur fram hæfniramma sem unnið skal eftir við skipulag kennslu og viðmiðunarstundaskrá birt á vormisseri 2022.

Í viðmiðunarstundatöflu er lagt til eftirfarandi tímafjöldi á nemendur á viku miðað við á hvaða stigi þau eru metin.

	Forstigi	1. stig	2. stig	3. stig
Nemendur 6-8 ára	6-9 tímar á viku	4-6 tímar á viku	3-5 tímar á viku	2-4 tímar á viku
Nemendur 8-12 ára	9-12 tímar á viku	6-9 tímar á viku	4-6 tímar á viku	2-4 tímar á viku
Nemendur 12-16 ára	9-12 tímar á viku	8-10 tímar á viku	4-6 tímar á viku	2-4 tímar á viku

Í ljósi nýrrar viðmiðunarstundarskrár í íslensku sem öðru máli þá var ákveðið að breyta úthlutunarreglum á Menntasviði Kópavogs í samræmi við það.

Nýjar úthlutunarreglur eru því eftirfarandi:

Úthlutun til nemenda sem búið hafa 4 ár eða skemur á landinu:

- Nemendur skulu fá kennslu í íslensku sem öðru tungumál í samræmi við viðmiðunarstundaskrá, hver skóli fær úthlutað í samræmi við fjölda nemenda á hverju aldurstigi og getustigi miðað við hæfniramma um íslensku sem annað tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Ekki er um einstaklingskennslu að ræða nema í undantekningartilfellum og því skal miða úthlutun við hópastærð sem hér segir. Nemendur á forstigi og 1. sigi skulu vera 4 eða færri í hópi og nemendur á 2. og 3. stigi skulu vera 6 eða færri í hópi.

Tímafjöldi per. nemenda er áætlaður eftirfarandi skv. viðmiðunarstundatöflu:

Síðan er úthlutun á hvern nemanda með annað móðurmál en íslensku og er litið á þá úthlutun sem utanumhald um ÍSAT kennsluna í hverjum skóla.

- Úthlutun til skóla vegna móttöku ÍSAT-nemenda, námsmats ÍSAT-nemenda, skipulags kennslunnar og ráðgjafar til kennara.
- Hver skóli fær úthlutað samkvæmt fjölda ÍSAT-nemenda í skólanum þeim afgangi sem verður á fjármagni þegar lokið er úthlutun á grundvelli viðmiðunarstundaskrár sem ætlað er til ÍSAT-kennslu.

Eftirfarandi tafla sýnir að fjöldi þeirra nemenda sem hafa búið skemur en 4 ár á Íslandi í skólum Kópavogs eru 158 nemendur og á hvaða stigi þeir eru metnir.

Skólastig	Getu- stig	Fjöldi Álfhóls	Fjöldi Hörðuv.	Fjöldi Kársnes	Fjöldi Kópav.	Fjöldi Lindas	Fjöldi Salas	Fjöldi. Smáras	Fjöldi Snælands.	Fjöldi Vatnse
Yngstast.	Forstig	4	3	6	7	1	2	1	7	0
	1. stig	2	4	2	2	0	1	1	0	3
	2. stig	2	0	0	1	0	0	0	0	0
	3.stig	1	0	0	0	0	0	0	0	2
Miðstig	Forstig	15	7	0	3	0	4	1	4	0
	1.stig	2	4	0	3	2	1	2	3	3
	2.stig	5	2	0	2	0	0	1	1	2
	3.stig	0	0	0	3	0	0	0	0	3
Elstastig	Forstig	7	0	3	1	1	1	0	4	0
	1.stig	0	0	3	3	0	2	1	1	0
	2.stig	0	0	0	5	0	0	1	0	0
	3.stig	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		38	20	14	30	4	11	8	20	13

Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hafa dvalist lengur hér á landi en fjögur ár voru 420 skólaárið 2022 -2023. Hér sést einnig á hvaða stigi þeir eru metnir.

Skólastig	Getu- stig	Fjöldi Álfhóls.	Fjöldi Hörðuv.	Fjöldi Kársnes.	Fjöldi Kópav.	Fjöldi Linda.	Fjöldi Sala.	Fjöldi Smára.	Fjöldi Snælan.	Fjöldi Vatnse.	Fjöldi Kóra
Yngstast.	Forstig	7	0	0	3	0	0	0	1	0	0
	1. stig	0	10	2	2	2	6	5	10	4	0
	2. stig	7	3	1	2	6	7	11	6	3	0
	3.stig	11	0	4	0	2	0	0	5	1	0
Miðstig	Forstig	1	0	0	0	0	0	1	2	0	0
	1.stig	0	11	2	2	2	1	17	8	2	0
	2.stig	5	8	3	3	5	7	21	17	5	0
	3.stig	34	0	11	3	4	2	4	7	1	0
Elsta-stig	Forstig	1	0	0	0	2	0	2	2	0	2
	1.stig	0	0	5	0	1	0	7	6	0	2
	2.stig	1	0	0	0	2	0	5	7	4	1
	3.stig	25	0	0	0	3	6	0	7	7	12
		92	32	28	15	29	29	73	78	27	17